



Gróður- og fuglavöktun á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2013-049

Dags: Apríl 2013

Fjöldi síðna: 62

Upplag: 10

Dreifing:

- ☒ Birt á vef LV
☒ Opin
☐ Takmörkuð til

Titill: Gróður- og fuglavöktun á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum

Höfundar/fyrirtæki: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofu Norðausturlands

Verkefnisstjóri: Sveinn Kári Valdimarsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Náttúrustofa Austurlands

Útdráttur: Náttúrustofa Norðausturlands hefur tekið að sér rannsóknir og vöktun á gróðurfari og fuglalífi á áhrifasvæðum fyrirhugaðra og núverandi virkjana á Þeistareykjum, Bjarnarflagi og Kröflu. Í því felst að rannsaka gróður á öllum þessum virkjanasvæðum og fugla við Þeistareyki. Gert er ráð fyrir að vakta gróðurfar með því að fylgjast reglubundið með þekju tegunda og tegundahópa í gróðurreitum við Þeistareyki og Kröflu. Í Bjarnarflagi verður einungis fylgst með útbreiðslu sjaldgæfra háhitaplantna. Vöktun fuglalífs nær til mófugla og fálka á Þeistareykjasvæðinu. Árlega verður varþéttleiki mófugla ákvarðaður, sem og ábúð og varpafkoma fálka í nágrenni Þeistareykjavirkjunar. Vöktunin hófst með grunnkortlagningu og útsetningu gróðurreita sumarið 2012 og greinir þessi skýrsla frá niðurstöðum þeirra rannsókna.

Lykilorð: Bjarnarflag, Þeistareykir, Krafla, gróður, fuglar, vöktun

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to be "S. K. Valdimarsson", written over a horizontal line.

Gróður- og fuglavöktun á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsendur	3
Aðferðir	4
Rannsóknasvæði.....	4
Þeistareykir.....	4
Krafla	4
Bjarnarflag	4
Gróðurreitir	4
Val á staðsetningu gróðurreita.....	5
Uppsetning gróðurreita.....	8
Gróðurmæling	10
Jarðhitagróður í Bjarnarflagi.....	11
Fuglavöktun á Þeistareykjum	13
Niðurstöður 2012	15
Gróðurreitir	15
Þeistareykir.....	15
Krafla	21
Bjarnarflag	29
Fuglar á Þeistareykjum	30
Umræður	31
Gróður	31
Fuglar.....	32
Þakkir	33
Heimildir	34
Viðauki 1.....	35
Viðauki 2.....	36
Viðauki 3.....	46
Viðauki 4.....	49
Viðauki 5.....	50
Viðauki 6.....	58
Viðauki 7.....	61

Inngangur

Náttúrustofa Norðausturlands hefur tekið að sér rannsóknir og vöktun á gróðurfari og fuglalífi á áhrifasvæðum fyrirhugaðra og núverandi virkjana á Þeistareykjum, Bjarnarflagi og Kröflu, samkvæmt verksamningi við Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. Í því felst að rannsaka gróður á öllum þessum virkjanasvæðum og fugla við Þeistareyki.

Gert er ráð fyrir að vakta gróðurfar með því að fylgjast reglubundið með þekju tegunda og tegundahópa í gróðurreitum við Þeistareyki og Kröflu. Í Bjarnarflagi verður einungis fylgst með útbreiðslu sjaldgæfra háhitaplantna. Vöktun fuglalífs nær til mófugla og fálka á Þeistareykjasvæðinu. Árlega verður varppéttleiki mófugla ákvarðaður, sem og ábúð og varpafkoma fálka í nágrenni Þeistareykjavirkjunar.

Vöktunin hófst með grunnkortlagningu og útsetningu gróðurreita sumarið 2012 og greinir þessi skýrsla frá niðurstöðum þeirra rannsókna.

Forsendur

Í álitinu um mat á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar telur Skipulagsstofnun að þó gróðurverndarmörk hafi ekki verið sett sé engu að síður mikilvægt að vakta gróðurframvindu á framkvæmdasvæðinu. Þar sem óvissa ríki um áhrif brennisteinsvetnis (H_2S) á viðkvæman gróður næst stöðvarhúsinu verði fylgst með breytingum á gróðri. Í álitinu Skipulagsstofnunar er einnig fjallað um möguleg áhrif virkjunar á fugla á rekstrartíma virkjunar vegna hávaða og aukinnar umferðar. Aukin umferð í nágrenni hreiðurstæðis fálka er þannig talin kunna að hafa neikvæð áhrif og er því talið mikilvægt að fylgst verði með ábúð fálka í nágrenni framkvæmdasvæða, eins og framkvæmdaraðili áformar samkvæmt frummatsskýrslu.

Í álitinu um mat á umhverfisráhrifum Kröfluvirkjunar II tekur Skipulagsstofnun undir með Landsvirkjun að jarðhitavökvi og gufa frá blásandi borholum, gufuveitu og kæliturnum geti haft áhrif á gróður eins og mosa. Óljóst sé þó um umfang þessara áhrifa og því ástæða fyrir framkvæmdaraðila að fylgjast með hugsanlegum áhrifum brennisteinsvetnis á gróður eins og fyrirhugað er samkvæmt frummatsskýrslu.

Ekkert kemur fram í úrskurði Skipulagsstofnunar um vöktun gróðurs né dýralífs vegna Bjarnarflagsvirkjunar. Hafa ber í huga að úrskurðurinn er frá því árið 2004, áður en vart varð mikilla gróðurbreytinga í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar. Álit Skipulagsstofnunar um vöktun á áhrifum útblásturs virkjana á gróður við Þeistareykjavirkjun og Kröfluvirkjun II byggir á niðurstöðum mælinga á gróðri við Hellisheiðarvirkjun. Því er líklegt að Skipulagsstofnun gerði sambærilegar kröfur til Bjarnarflagsvirkjunar í dag. Hafa ber þó í huga að umhverfi Bjarnarflagsvirkjunar er allt annað en t.d. á Þeistareykjum, því umhverfið er að miklu leyti sandorpið og fremur gróðursnautt.

Aðferðir

Rannsóknasvæði

Þeistareykir

Rannsóknasvæðið á Þeistareykjum liggur í um 270–350 hæð yfir sjávarmáli (1. mynd). Landslag svæðisins einkennist af flötum og grónum hraunum þar sem hraunkollar standa víða upp úr. Svæðið er þurrt og er samfelldur mólendisgróður ríkjandi. Gróðurfur er fremur fjölbreytt á Þeistareykjasvæðinu og helstu gróðurlendi á rannsóknasvæðinu og í næsta nágrenni þess eru fjalldrapamói, lyngmói og fléttumói en auk þess má finna þar graslendi, þursaskeggsmóa og fágæta mýrastararbletti (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008).

Krafla

Rannsóknasvæðið liggur í um 390 – 505 m hæð yfir sjávarmáli (2. mynd). Stöðvarhús Kröflu og væntanlegt stækkunarsvæði stöðvarinnar standa innst í Hlíðardal. Landið er mjög mishæðótt og gróður slitróttur á svæðinu. Hæðartoppar eru að mestu ógrónir en hlíðarnar nokkuð grónar. Gróðurfur á svæðinu er frekar fjölbreytt, einkum vegna fjölbreytt landslags (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Fjalldrapamói er ríkjandi í hlíðunum í kringum Kröflustöð en dalbotninn, utan mannvirkjasvæðis, einkennist annars vegar af grónu hrauni þar sem lynggróður er ríkjandi og hinsvegar af litlum svæðum með gróðurlendum eins og mosagróðri, graslendi, þursaskeggsmóa ásamt uppgræðslusvæði (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008).

Bjarnarflag

Rannsóknasvæðið í Bjarnarflagi liggur í um 320 - 350 m hæð yfir sjávarmáli (28. mynd). Því má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru það Jarðbaðshólar sem eru sunnan Þjóðveggar og vestan vegar að Jarðböðunum. Þetta eru lítt grónir gjallgígar þar sem víða er jarðhita að finna. Svæðið er nokkuð raskað af malarnámi og öðrum framkvæmdum. Í öðru lagi er það svæðið sunnan Þjóðveggar en austan vegar að Jarðböðunum. Næst Þjóðvegi er land raskað og graslendi einkennandi en þegar sunnar dregur einkennist landið af ógrónum gjallmelum. Í þriðja lagi er það svæðið norðan Þjóðveggar en ekki náðist að fara um það svæði haustið 2012. Þar er land raskað og graslendi einkennandi (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008).

Gróðurreitir

Svokallaðir gróðurreitir voru settir upp á Þeistareykjum og í Kröflu til að fylgjast með gróðri á þessum svæðum. Byggt er á aðferðarfræði sem Náttúrustofa Austurlands notar meðal annars við vöktunarrannsóknir á hugsanlegum gróðurbreytingum vegna útblásturs frá álverinu á Reyðarfirði. Þar er gróður í reitum vaktaður og eru aðferðirnar sambærilegar því sem Náttúrustofa Austurlands lýsir við vöktun á hugsanlegum gróðurfarsbreytingum vegna tilkomu Háslóns (Guðrún Áslaug Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 2007). Útfærslur eru þó aðeins aðrar, enda byggjast vaktanirnar á mismunandi forsendum (Gerður Guðmundsdóttir, munnlegar upplýsingar).

Farið var um rannsóknasvæðin dagana 20. – 24. og 27. ágúst 2012. Gróðurmælingar verða að jafnaði gerðar í ágúst en þá hafa plöntutegundir blómgast og tekið út vöxt. Á hvorum stað, Þeistareykjum og Kröflu, voru settir upp 10 reitir til vöktunar á gróðri. Gróðri var lýst í reitunum og hlutfallslega þekja metin til að geta í framtíðinni fylgst með breytingum á tegundasamsetningu. Hæð gróðurs var mæld

til að fá mælikvarða á vöxt og þroska gróðurs. Jarðvegisdýpt í reitum var mæld en jarðvegur og breytingar á honum eru mikilvægar breytur til að skýra breytilegt gróðurfar.

Val á staðsetningu gróðurreita

Þeistareykir

Staðsetning gróðurreita á Þeistareykjum var ákvörðuð fyrir vettvangsathugun og valin út frá eftirtöldum þáttum:

- Ríkjandi vindátt skv. vindrós dags. 20.10.2005 – 13.11.2008 (Mannvit, 2010b)
- Spá um dreifingu H_2S (Vatnaskil, 2010).
- Gróðurlendi, þar sem allir gróðurreitir eru í svipuðu gróðurlendi, fjalldrapamóa (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008).
- Fjarlægð frá fyrirhugaðri orkustöð. Þéttleiki gróðurreita er meiri nær orkustöð (1. tafla). Á staðnum var ákveðið að hnika reitum Þ1 og Þ2 aðeins til þar sem nálægðin við væntanlega orkustöð virtist vera meiri en uppgefin hnit.
- Viðmiðunarstöð, Þ 10, utan ætlaðs áhrifasvæðis virkjunar.


1. tafla. Staðsetning gróðurreita á Þeistareykjum.

Gróðurreitur	Fjarlægð frá orkustöð m	Hnit í suðvestur horni gróðurreits	Hæð yfir sjávarmáli m	Númer smárita - valin af handahófi
Þeistareykir 1 (Þ1)	100	N65.88997 W16.95707	336	10, 16, 28, 31, 94
Þeistareykir 2 (Þ2)	200	N65.89082 W16.95613	337	16, 21, 45, 95, 96
Þeistareykir 3 (Þ3)	350	N65.89240 W16.95736	334	13, 24, 68, 72, 90
Þeistareykir 4 (Þ4)	500	N65.89373 W16.95677	334	7, 23, 54, 70, 86
Þeistareykir 5 (Þ5)	700	N65.89550 W16.95602	334	10, 26, 31, 34, 91
Þeistareykir 6 (Þ6)	900	N65.89727 W16.95526	334	18, 28, 29, 30, 80
Þeistareykir 7 (Þ7)	1400	N65.90169 W16.95332	335	7, 35, 44, 52, 66
Þeistareykir 8 (Þ8)	1900	N65.90611 W16.95143	341	15, 19, 38, 56, 72
Þeistareykir 9 (Þ9)	2400	N65.91053 W16.94948	344	27, 33, 40, 67, 100
Þeistareykir 10 (Þ10)	8000	N65.96051 W16.92771	277	2, 24, 32, 33, 67


Krafla

Staðsetning gróðurreita í nágrenni Kröflu var ákvörðuð á staðnum vegna þess að gróður í nágrenni Kröflu er slitróttur, erfitt var að finna sambærileg gróðurlendi af loftmynd og landslag á svæðinu er mishæðótt. Eftirfarandi var notað til grundvallar við staðsetningu gróðurreita:

- Spá um dreifingu H_2S (Vatnaskil, 2010).
- Gróðurlendi. Reynt var að staðsetja reitina í sem næst svipuðu gróðurlendi. Reitirnir voru því staðsettir á þremur mismunandi stöðum til að ná svipuðu gróðurlendi auk viðmiðunarstöðvar.
- Fjarlægð frá fyrirhugaðri orkustöð. Þéttleiki gróðurreita er meiri nær orkustöð (2. tafla).
- Viðmiðunarstöð, K 10, utan ætlaðs áhrifasvæðis virkjunar. Ákveðið var að fara ekki lengra en 4000 m með viðmiðunarstöð frá Kröflustöð til að reyna að forðast samlegðaráhrif af útblæstri frá Bjarnarflagsvirkjun. Nokkur óvissa ríkir þó um þau.



1. mynd. Staðsetning gróðurreita og punkttalninga á Þeistareykjum.



2. mynd. Staðsetning gróðurreita við Kröflu.

2. tafla. Staðsetning gróðurreita við Kröflu.

Gróðurreitur	Fjarlægð frá orkustöð m	Hnit í suðvestur horni gróðurreits	Hæð yfir sjávarmáli m	Númer smáreita - valin af handahófi
Krafla 1 (K1)	100	N65.70529 W16.77558	481	3, 25, 27, 34, 90
Krafla 2 (K2)	200	N65.70617 W16.77538	486	12, 33, 76, 81, 97
Krafla 3 (K3)	300	N65.70706 W16.77527	502	14, 22, 56, 62, 67
Krafla 4 (K4)	500	N65.70106 W16.76685	464	9, 13, 57, 58, 68
Krafla 5 (K5)	600	N65.69963 W16.76723	478	10, 13, 41, 51, 52
Krafla 6 (K6)	700	N65.69872 W16.76778	461	23, 27, 65, 83, 87
Krafla 7 (K7)	900	N65.69721 W16.78117	483	1, 16, 34, 48, 77
Krafla 8 (K8)	1000	N65.69594 W16.78226	494	15, 28, 33, 74, 97
Krafla 9 (K9)	1200	N65.69456 W16.78344	486	17, 26, 66, 89, 100
Krafla 10 (K10)	4000	N65.66910 W16.78452	394	26, 33, 46, 66, 95

Uppsetning gróðurreita

Á hvorum stað, þeistareykjum og Kröflu, voru settir upp 10 reitir sem hver um sig var 10 x 10 m að stærð. Horn gróðurreitanna voru afmörkuð með stórum tréhælum, rauðum í toppinn. Á hælinn í SV horni hvers reits var sett lítið merki með heiti reitsins auk þess sem hælinn var merktur með gulu límbandi (3. mynd). Hælarnir voru látnir standa svo hægt verði að ganga að reitunum vísun.



3. mynd. SV horn gróðurreits merkt með miða og gulu límbandi.

Hverjum reit var skipt í 100 smáreiti, 1 x 1 m að stærð sem voru auðkenndir með hlaupandi númerum 1-100 þar sem smáreitur 1 var í SV horni stöðvar og smáreitur 100 í NA horni stöðvar (4. mynd).

NV horn

NA horn

10	20	30	40	50	60	70	80	90	100
9	19	29	39	49	59	69	79	89	99
8	18	28	38	48	58	68	78	88	98
7	17	27	37	47	57	67	77	87	97
6	16	26	36	46	56	66	76	86	96
5	15	25	35	45	55	65	75	85	95
4	14	24	34	44	54	64	74	84	94
3	13	23	33	43	53	63	73	83	93
2	12	22	32	42	52	62	72	82	92
1	11	21	31	41	51	61	71	81	91

SV horn

SA horn

4. mynd. Reitaskipting gróðurreita.

Fyrirfram var búið að velja af handahófi 5 smáreiti (1m²) innan hvers gróðurreits (1. og 2. tafla). Það var gert með því að draga miða úr potti (100 miðar í n.k. lottópotti). Hver smáreitur var afmarkaður með litlum tréhælum, rauðum í toppinn. Hællinn í SV horni hvers smáreits var merktur með gulu límbandi (5. mynd). GPS hnit hvers gróðurreits var tekið í SV horni hans (1. og 2. tafla). Hælar í smáreitum voru látnir standa.



5. mynd. Rammi í smáreit.

Gróðurmæling

Gróðurlýsing gróðurreits byggist á sjónrænu mati. Í hverjum smáreit var hlutfallsleg þekja plöntutegunda metin. Einnig var mæld dýpt jarðvegs og hæð gróðurs, auk þess sem tekin var ljósmynd til samanburðar.

Gróðri í hverjum gróðurreit var lýst og sú lýsing skráð. Yfirlitsmyndir voru teknar af hverjum gróðurreit og hverjum smáreit. Allar myndir voru merktar og skráðar en myndirnar má nota til samanburðar yfir lengri tíma. Til að auðvelda samanburð voru hælur í SV horni auðkenndir með öðrum lit. Myndirnar voru vistaðar til geymslu í gagnagrunni Náttúrustofu Norðausturlands.

Innan hvers smáreits var þekja tegunda metin með sjónrænu mati á hlutfallslegri þekju hvernar tegundar af yfirborði lands innan smáreits. Notaður var 1 x 1 m rammi sem skipt var upp í 4 jafnstóra smáramma en það auðveldaði mjög mat á þekju (5. mynd). Þekja allra háplantna var metin en þekja lágplantna, fléttna og mosa, var metin sameiginlega sem sitt hvor tegundahópurinn. Heildarþekja í reit er því samanlögð þekja háplantna og lágplantna og getur þá orðið meiri en 100%. Ef ekki náðist að greina grös til tegundar á staðnum voru tekin eintök til greiningar síðar. Í flestum tilvikum náðist að greina þær tegundir en þó ekki alltaf (2. og 5. viðauki).

Við þekjumatið var notaður mælikvarði sem er afbrigði af svokölluðum Hults-Sernander þekjumælikvarða (sjá Guðrún Áslaug Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 2007). Miðgildi er reiknað fyrir hvern þekjuflokk (3. tafla). Breyting á þekjumælikvarðanum var gerð til að halda betur utan um upplýsingar um þekjulágar tegundir.

3. tafla. Breyttur Hults-Sernander

Þekja	Miðgildi
50-100%	75
25-50%	37,5
12,5-25%	18,8
6,3-12,5%	9,4
1-6,3%	3,6
< 1%	0,5

Þekjumælikvarði.


Jarðvegisdýpt var mæld með því að stinga niður mjórri stöng, þar til hún stöðvaðist á föstu undirlagi. Stöngin var kvörðuð með 10 cm millibili upp að einum metra til að auðvelda mælingu sem var gerð með nákvæmni upp á 1 cm. Í hverjum smáreit var jarðvegisdýpt mæld á 4 stöðum (í miðju hvers smáramma) og er meðaltalið notað fyrir jarðvegisdýpt smáreitsins. Jarðvegisdýpt var ekki mæld dýpra en 1 metra vegna stærðar stangarinnar. Í þeim tilvikum þar sem jarðvegur var dýpri var dýptin skráð sem >100 cm. Við útreikninga á meðaljarðvegisdýpt var 100 cm notað fyrir allar mælingar þar sem dýptin var 100 cm eða meiri.

Hæð gróðurs var mæld á 4 stöðum í hverjum smáreit, í miðju hvers smáramma. Hæð gróðurs í smáreit er meðaltal þeirra 4 mælinga.

Jarðhitagróður í Bjarnarflagi

Í Bjarnarflagi eru þekktir fundarstaðir sjaldgæfra plantna sem fylgja jarðhita að öllu eða einhverju leyti (Starri Heiðmarsson, 2012). Þessar tegundir eru:

- Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*) sem talin er í yfirvofandi hættu (VU) á Válista Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2012) og hefur verndargildið 8 af 10 mögulegum (6. Mynd).
- Keilutungljurt (*Botrychium minganense*) sem hefur flokkunina DD (DD – upplýsingar ófullnægjandi) á Válista. (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2012). Tegundin er ekki alltaf bundin við jarðhita en hún hefur verndargildi 7 af 10.
- Dvergtungljurt (*Botrychium simplex*) sem hefur flokkunina LC (LC = metin en ekki í hættu) á Válista (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2012). Tegundin er ekki alltaf bundin við jarðhita en hún hefur verndargildi 7 af 10 (7. Mynd). Á Íslandi hefur fundist sjaldgæft afbrigði dvergtungljurtar *Botrychium simplex* var. *tenebrosum* („renglutungljurt“) en hún hefur ekki fundist á þessu svæði



6. mynd. Naðurtunga í Jarðbaðshólum.

Farið var í vettvangsathugun 27. ágúst 2012. Gengið var um svæðið sunnan Þjóðvegur í Bjarnarflagi, einkum Jarðbaðshóla en einnig austan vegar að Jarðböðunum. Svæðið norðan Þjóðvegur var ekki kannað. Fundarstaðir naðurtungu og dvergtungljurtar voru skráðir, ástand plantnanna metið og myndir teknar.



7. mynd. Dvergtungljurt í Jarðbaðshólum.

Fuglavöktun á Þeistareykjum

Fuglavöktun á Þeistareykjum nær til tveggja þátta. Annars vegar er fylgst með varpi og varpafkomu fálkans og hins vegar athugun á þéttleika mófugla.

Á Þeistareykjum er eitt fálkaóðal og innan þess nokkrir varpstaðir. Fálkaparið verpir ekki árlega en líkur á varpi fara eftir líkamsástandi fuglanna, sem stýrist að mestu leyti á fæðuframboði. Ef af varpi verður, þá velur parið sér einn af varpstöðunum innan óðalsins til að verpa á. Varpstaðir óðalsins á Þeistareykjum eru dreifðir og fjarlægð þeirra frá athafnasvæðinu mjög misjöfn. Þeir varpstaðir sem næstir eru athafnarsvæðinu eru heimsóttir árlega fyrripart sumar til að athuga með varp. Ef varp er staðfest er viðkomandi varpstaður heimsóttur aftur síðsumars til að athuga með varpárangur þ.e. hve margir ungar hafa komist á legg. Þann 13. júní 2012 var athugað með ábúð fálka á þeim varpstöðum sem næstir eru framkvæmdasvæði Þeistareykjavirkjunar. Bæjarfjall og Guðfinnugjá að sunnan voru skoðuð með sjónauka og fjarsjá frá vegslóða sem liggur um Þeistareyki. Einnig var gengið með Miðvegg og Klifarvegg og hugað að fálkum.

Punkttalningar voru notaðar til að meta þéttleika mófugla. Mófuglar eru ekki vel skilgreindur hópur innan fuglafræðinnar en í þessari athugun var miðað við allar vaðfuglategundir og spörfuglategundirnar að hrafni undanskildum. Framkvæmd talninga var þannig að athugandi gekk milli fyrirfram ákveðinna talningapunkta og var GPS tæki notað við staðarákvörðun. Á hverjum punkti kannaði athugandinn fuglalíf í nákvæmlega 5 mínútur. Á þeim tíma skráði hann niður alla fugla sem hann sá innan 200 metra frá sér (punktinum) á þar til gert eyðublað. Einnig var skráð fjarlægð í hvern fugl, sem metin var með fjarlægðarmæli með nákvæmni upp á 1 metra, sem og atferli fuglsins til að meta hvort um varpfugl væri að ræða. Á þessum 5 mínútna tíma var athyglinni beint að mófuglum innan 200 metra fjarlægðar. Mófuglar sem sáust fjær en 200 metra voru einnig skráðir niður, þó vegalengd hafi ekki verið mæld nákvæmlega. Þeir mófuglar sem sáust innan 200 metra frá punkti voru notaðir í þéttleikamat.

Við útreikninga var notast við grunneininguna varppar og voru því tveir fuglar sem metnir voru par skráðir sem eitt tilvik í gagnagrunninn og meðaltal fjarlægðar þeirra notuð, hafi þeir ekki verið saman. Stakir fuglar voru einnig skráðir sem varppar þó makinn sæist ekki, enda sýndi atferli þeirra að um varpfugl væri að ræða. Úrvinnsla á gögnunum var framkvæmd í forritinu Distance sem er sérstaklega hannað til þéttleikamælinga lífvera (Thomas o.fl., 2009). Forritið gerir ráð fyrir að öll pör sem staðsett eru á punktinum, þar sem athugandinn er, sjáist. Eftir því sem staðsetning parsins er fjær, lækkar það hlutfall eftir ákveðnum ferli, svokölluðum sýnileikaferli. Þessi ferill er ekki línulegur þ.e. hlutfall fugla sem sést er ekki í beinu línulegu sambandi við fjarlægðina frá athuganda. Ferillinn getur verið misjafn eftir tegundum, búsvæðum og jafnvel veðri. Í Distance forritinu er þéttleiki hverrar tegundar reiknaður út frá nokkrum mismunandi líkönum en hvert líkan gerir ráð fyrir ákveðnum sýnileikaferli. Hversu vel hvert líkan passar við fyrirbyggjandi gögn er metið með svokölluðum Akaike stuðli (Akaike, 1974) og það líkan notað sem gefur lægst gildi fyrir hverja tegund.

Í raun skiptir litlu máli hvaða líkan er notað ef gagnasafnið er mjög stórt en fyrir lítil gagnasöfn eins og hér um ræðir geta mismunandi líkön gefið mjög ólíkar niðurstöður. Þeir fuglar sem sjást næst athuganda hafa mest vægi hvað varðar niðurstöður þéttleikamatsins en vægið minnkar eftir því sem fuglinn er fjær. Fuglar sem eru langt í burtu frá athuganda skipta því litlu máli varðandi þéttleikamatið en geta hins vegar valdið erfiðleikum við að láta líkönin falla vel að gögnunum. Af þeim sökum eru

fjarlægustu athuganir oft felldar burt við útreikninga (Buckland o.fl. 2001). Í þessari athugun voru allar athuganir að 200 metra markinu notaðar.

Náttúrustofa Norðausturlands hefur frá árinu 2009 verið með 14 punkta til þéttleikamælinga mófugla á Þeistareykjasvæðinu. Þessir punktar eru við gamla veginn norður frá Þeistareykjum og eru 300 metrar á milli punkta. Þessir punktar verða notaðir áfram til vöktunar mófugla vegna byggingar og reksturs Þeistareykjavirkjunar, auk þess sem 20 nýjum punktum var bætt við í nágrenni fyrirhugaðs stöðvarhúss sumarið 2012. Hnit punktanna má sjá í 7. viðauka.

Fuglar eru misvirkir eftir árstíma, tíma dags og veðurfari og því misauðvelt að sjá þá. Reynt verður að takmarka skekkju vegna umhverfisaðstæðna milli ára með því að telja á sem næst sama degi ársins hverju sinni, sama tíma sólarhringsins og einungis við staðlaðar veðurfarsaðstæður þ.e. úrkomulaust og vindstyrk innan við 6 m/s. Miðað er við að telja þessa punkta sem næst 13. júní ár hvert og ekki má hnika því til um meira en 7 daga. Athugendur verða tveir og telur annar frá punkti 1 til 14 en hinn frá 15 – 34. Hefja skal talningu klukkan 16:13 og má vikið ekki vera meira en 30 mínútur.

Niðurstöður 2012

Gróðurreitir

Þeistareykir

Gróðurþekja á rannsóknasvæði við Þeistareyki er nokkuð samfelld, utan hraunkolla sem standa upp úr hér og þar. Sauðfjárbætur er á svæðinu og ber gróður þess nokkur merki að hann sé bitinn.

Gróðurreitir Þ1-Þ9 eru allir í sambærilegu gróðurlendi, fjalldrapamóa, samkvæmt gróðurkortu Náttúrufræðistofnunar Íslands (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Á svæðinu voru fjalldrapi og lyngtegundir áberandi, einkum á þúfnakollum. Fléttur voru áberandi á þúfnakollum en þær voru einnig í dældum á milli þúfna. Mosi var aðallega í dældum. Í meirihluta reitanna var mórinn stórþýfður og fjalldrapinn fremur hávaxinn. Þar sem mórinn var smáþýfður, einkum á holtum, var fjalldrapinn kyrkingslegri og lágvaxnari. Viðmiðunarreitur er einnig í fjalldrapamóa en liggur neðar í landi og var gróður vöxtulegri þar en nær Þeistareykjum.

Í gróðurreitum, innan smáreita, greindust alls 60 háplöntutegundir (1. viðauki). Engin þeirra er skráð á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2012). Samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Gróðurfar á háhitasvæðum og fyrirhuguðum línu- og vegstæðum á Norðausturlandi fundust 176 háplöntutegundir á rannsóknasvæði Náttúrufræðistofnunar (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Í gróðurreitum á Þeistareykjum fundust tvær tegundir sem ekki eru skráðar á rannsóknasvæði Náttúrufræðistofnunar, broddastör og mosalyng (1. viðauki). Mosalyng er hinsvegar skráð í 5x5 km reit nr. 600590, sem gróðurreitirnir á Þeistareykjum falla innan (Flóra Íslands, 2012).

Flestar háplöntutegundir voru skráðar í reit Þ1 eða 40 tegundir en fæstar í reit Þ9, 26 tegundir (4. tafla). Reitur Þ1 er næstur væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Af einstökum háplöntutegundum voru fjalldrapi, beitleyng, krækilyng, bláberjalyng og sauðamergur algengastar og mældust að jafnaði með mesta þekju háplöntutegunda. Fjalldrapi mældist með mesta þekju háplöntutegunda í reitum Þ1, Þ2, Þ3, Þ5, Þ7, og Þ10. Í reitum Þ1 og Þ4 mældist beitleyng með mesta þekju háplöntutegunda og í reitum Þ6 og Þ8 mældist krækilyng með mesta þekju. Sauðamergur mældist með mesta þekju háplöntutegunda í reit Þ9. Víðitegundirnar; gulvíðir, fjallavíðir og grasvíðir fundust allir á svæðinu en mældust ekki með mikla þekju utan grasvíðis í reitum Þ7 og Þ8. Af grastegundum var bugðupuntur algengastur en hann fannst í öllum reitum en mældist með mesta þekju í reit Þ7 (2. viðauki).

Mosi fannst í öllum gróðurreitum en hann var algengastur í reitum Þ7, Þ8 og Þ9 og sýndi mesta þekju tegunda/tegundahópa í reit Þ9 (2. viðauki). Fléttur fundust í öllum gróðurreitum en þær voru algengastar í reitum Þ1, Þ4 og Þ5 og sýndu mesta þekju tegunda/tegundahópa í Þ4 og Þ5 (2. viðauki).

Reitirnir eru ekki einsleitir og skera reitir Þ7, Þ8 og Þ9 sig aðeins úr. Í þeim reitum höfðu, fyrir utan fjalldrapa og krækilyng, bláberjalyng og mosi mesta þekju en einnig var þar talsvert af sauðamerg og grasvíði en minna af fléttum. Reitir Þ1-Þ6 og viðmiðunarreitur Þ10 höfðu hinsvegar mikið af beitleyngi og fléttum en minna af mosa og bláberjalyngi. Í reitum Þ7-Þ9 fundist einnig aðeins færri háplöntutegundir (2. viðauki, 4. tafla).

Hæð gróðurs er mismikil milli gróðurreita. Mest var meðalhæðin 16,5 cm í reit Þ7 en í þeim reit ásamt reitum Þ2, Þ3 og Þ10 var meðalhæðin hærri og hélst það í hendur við meiri þekju fjalldrapa. Á

sama hátt var meðalhæðin lægri í reitum Þ1, Þ4, Þ5, Þ6 og Þ9 en þar var þekja fjalldrapa almennt minni (4. tafla, 2. viðauki og 3. viðauki).

Jarðvegur var misþykkur milli gróðurreita, minnst 49,05 í reit Þ4 og mest 79,5 í reit Þ7 (4. tafla). Aðeins í tveimur reitum, Þ6 og Þ8, mældist dýptin vera >100 cm í smáramma (3. viðauki) Mikið hraun er á svæðinu og jarðvegur því ekki mjög þykkur.

Reitur Þ1 er um 100 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Hann er í fremur gróþýfðum fjalldrapamóa þar sem fjalldrapi, beitilyng, krækilyng og fléttur eru mest áberandi (8. mynd). Flestar háplöntutegundir fundust í þessum reit. Jarðvegur var mjög misþykkur en að meðaltali 52,85 cm. Gróður mældist mishár í reitnum en að meðaltali ekki mjög hár eða 10,75 cm (4. tafla, 3. Viðauki



8. mynd. Gróðurreitur Þ1.

4. tafla. Gerð gróðurlendis, meðaldýpt jarðvegs (cm), meðalhæð gróðurs (cm) og fjöldi háplöntutegunda í reitum Þ1-Þ10.

Gróðurreitur	Gróðurlendi	Fjöldi háplöntutegunda	Meðalhæð gróðurs (cm)	Meðaldýpt jarðvegs (cm)
Þ1	Fjalldrapamói	40	10,75	52,85
Þ2	Fjalldrapamói	35	15,8	54,95
Þ3	Fjalldrapamói	37	14,9	64,3
Þ4	Fjalldrapamói	39	9,75	49,05
Þ5	Fjalldrapamói	35	9,55	52,7
Þ6	Fjalldrapamói	30	8,05	63
Þ7	Fjalldrapamói	28	16,5	79,5
Þ8	Fjalldrapamói	27	12,2	77,45
Þ9	Fjalldrapamói	26	7,03	66,65
Þ10	Fjalldrapamói	33	15,85	53,85

Reitur Þ2 er um 200 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Hann einkennist af grófpýfðum fjalldrapamóa með dældum af mosa, grastegundum og grasvíði. Þúfur eru með fjalldrapa, beitleyngi, krækilyngi, bláberjalyngi og fléttum (9. mynd). Jarðvegur var mjög misþykkur, að meðaltali 54,95 cm en víða er grunnt á hraun. Gróður mældist mishár, að meðaltali 15,8 cm. (4. tafla, 3. viðauki).



9. mynd. Gróðurreitur Þ2.

Reitur Þ3 er um 350 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Hann einkennist af grófpýfðum fjalldrapamóa. Fjalldrapi, beitleyng, krækilyng, fléttur og mosi eru mest áberandi. Fjalldrapi er einkum á þúfnakollum en mosinn í dældum (10. mynd). Sauðamergur mældist með nokkra þekju. Broddastör fannst í þessum reit (2. viðauki). Gróður mældist mishár, að meðaltali 14,9 cm, en jarðvegur var nokkuð jafnþykkur að meðaltali 64,3 cm (4. tafla, 3. viðauki).



10. mynd. Gróðurreitur Þ3.

Reitur Þ4 er um 500 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Hann einkennist af grófbýfðum fjalldrapa- og fléttumóa. Beitilyng og fléttur eru áberandi á þúfum. Mosi og fléttur eru í dældum (11. mynd). Fléttur höfðu mesta þekju í þessum reit en krækilyng mældist einnig með nokkurra þekju (2. viðauki). Jarðvegur var misþykkur en að meðaltali var reiturinn með minnstu jarðvegsdýpt gróðurreita á svæðinu, 49,05 cm. Gróður var lágvaxinn, að meðaltali 9,75 cm (4. tafla, 3. viðauki).



11. mynd. Gróðurreitur Þ4

Reitur Þ5 er um 700 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, mynd 1). Reiturinn er á holti með litlum og lágum þúfum, smábýfðari en fyrri reitir. Fjalldrapi og beitilyng eru áberandi en fjalldrapinn er kyrkingslegri en í fyrri reitum. Mikið af fléttum (12. mynd). Ógrónir blettir voru í tveimur smáreitum (2. viðauki). Jarðvegur var misþykkur en jarðvegsdýpt var að meðaltali 52,7 cm. Gróður var fremur lágvaxinn, að meðaltali 9,55 cm. (4. tafla, 3. viðauki).



12. mynd. Gróðurreitur Þ5.

Reitur þ6 er um 900 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Reiturinn einkennist af grófpýfðum fjalldrapamóa þar sem fjalldrapi, beitilyng og fléttur eru mest áberandi á þúfnakollum. Í dældum eru mosi, fléttur, krækilyng og sauðamergur. Nokkrir gulvíðirunnar voru í reitnum en þeir lentu allir í smáreit (2. viðauki). Jarðvegur var misþykkur og mældist dýptin á einum stað >100 cm. Jarðvegisdýpt var að meðaltali 63 cm. Gróður var fremur lágvaxinn, að meðaltali 8,05 cm (4. tafla, 3. viðauki). Lambaskítur fannst í smáreit 80.



13. mynd. Gróðurreitur þ6.

Reitur þ7 er um 1400 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Hluti gróðurreitsins er stórbýft mólendi en hluti slétt lægð. Ríkjandi tegundir eru fjalldrapi, bláberjalyng og krækilyng. Fléttur eru á þúfnakollum og á milli þúfna. Talsverður mosi er í sverði (14. mynd). Þekja bugðupunts mældist nokkur í reitnum. Grös voru bitin og ekki náðist að greina eina grastegund sem var með þekju 6,3-12,5% í einum smáreit (2. viðauki). Jarðvegur var nokkuð jafnþykkur og var að meðaltali dýpstur fyrir gróðurreiti á svæðinu, 79,5 cm. Gróður mældist mishár, að meðaltali 16,5 cm (4. tafla, 3. viðauki).



14. mynd. Gróðurreitur þ7.

Reitur þ8 er um 1900 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Reiturinn einkennist af lítið þýfðu mólendi með fjalldrapa, bláberjalyngi, krækilyngi og sauðmerg (15. mynd). Nokkuð af bugðupunti mældist í reitnum og talsverð þekja var einnig af mosa. Mosalyng fannst í þessum reit. (2. viðauki). Gróður var fremur lágvaxinn, að meðaltali 12,2 cm. Jarðvegur var nokkuð jafnþykkur og að meðaltali 77,45 cm. Í tveimur smáreitum mældist hann >100 cm (4. tafla, 3. viðauki).



15. mynd. Gróðurreitur þ8.

Reitur þ9 er um 2400 m frá væntanlegri orkustöð (1. tafla, 1. mynd). Reiturinn einkennist af krækilyngs- og bláberjalyngsmóa. Lítið af fjalldrapa en talsvert af sauðamerg. Reiturinn er fremur sléttur og mikill mosi í sverði (16. mynd). Mosavaxin kindagata liggur í gegnum smáreit 100. Mosa- og fléttuskán í götu. Mosalyng fannst í þessum reit (2. viðauki). Jarðvegur var fremur jafnþykkur, að meðaltali 66,65 cm. Gróður var sá lægsti í reitnum, að meðaltali 7,03 cm. Fæstar háplöntutegundir voru í þessum reit. (4. tafla, 3. viðauki).



16. mynd. Gróðurreitur þ9

Reitur Þ10 er um 8000 m frá væntanlegri orkustöð og í 277 m hæð yfir sjávarmáli, nokkru lægra en reitir Þ1-Þ9 (1. tafla, 1. mynd). Reiturinn er viðmiðunarreitur. Hann einkennist af vel grónum fjalldrapamóa þar sem hluti reitsins er mjög stórpýfður og hluti er í fremur sléttri lögð. Talsvert af bláberja- og beitylengi. Fléttur á þúfnakollum og milli þúfna (17. mynd). Í reitnum mældist aðeins af aðalbláberjalyngi en lítið hafði mælt af því í öðrum reitum (2. viðauki). Jarðvegur var jafnþykkur í reitnum en ekki mjög djúpur, að meðaltali 53,85. Gróður mældist mishár, að meðaltali 15,85 cm (4. tafla, 3. viðauki).



17. mynd. Gróðurreitur Þ10.

Krafla

Gróðurlendi við Kröflu eru fjölbreytt en slitrótt. Gróður bar þess bæði merki að sumarið hafði verið þurrt og sauðfjárbreit er á svæðinu. Erfitt reyndist að greina grastegundir sem annað hvort höfðu verið bitnar á athugunartíma eða voru sölnaðar af þurkki.

Gróðurreitir K1-K8 eru í sambærilegu gróðurlendi, sem skráð er sem fjalldrapamói á gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Þar voru fjalldrapi, krækilyng og bláberjalyng áberandi. Af þeim eru 7 reitir í brekku/halla. Gróðurreitur K9 er í gróðurlendi sem skráð er sem mosagróður á gróðurkorti (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Þar var bein lína reitanna suður frá Kröflustöð látin ráða staðsetningu fremur en að hnika reitnum inn á svæði með fjalldrapamóa. Viðmiðunarreitur K10 var valinn staður í fjalldrapamóa á sléttlendi um 4000 m sunnan við Kröflustöð. Þar var gróður mjög einsleitur og fábreyttur. Um alla reitina má segja að mosi hafi verið algengur í sverði og fléttur áberandi í mörgum þeirra, einkum á þúfnakollum. Þursaskegg og túnvingull voru víða áberandi. Þrátt fyrir það eru reitirnir ekki einsleitir miðað við þekju og fjölda tegunda (5. viðauki).

Í gróðurreitum, innan smáreita, greindust alls 57 háplöntutegundir (4. viðauki) en auk þess náðist ekki að greina 4 einstaklinga til tegundar (5. viðauki). Engin tegundanna sem greindust er skráð á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2012). Í gróðurreitum við Kröflu fannst ein tegund sem ekki er skráð á

rannsóknasvæði Náttúrufræðistofnunar, mosalyng (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Mosalyng er hinsvegar skráð í 5x5 km reit nr. 580600, sem gróðurreitirnir við Kröflu virðast falla innan (Flóra Íslands, 2012).

Flestar háplöntutegundir voru skráðar í reit K1 eða 34 tegundir en fæstar í reit K10, 14 tegundir (5. tafla). Reitur K1 er næstur væntanlegri orkustöð og K10 er viðmiðunarreitur (2. tafla, 2. mynd). Af einstökum háplöntutegundum voru fjalldrapi, krækilyng og bláberjalyng algengastar og mældust að jafnaði með mesta þekju háplöntutegunda. Krækilyng mældist með mesta þekju háplöntutegunda í öllum reitum nema K7 en þar mældist fjalldrapi með mesta þekju. Af grastegundum var túnvingull algengastur, hann fannst í öllum reitum en mældist með mesta þekju í K9. Þursaskegg var í öllum reitum en mældist með mesta þekju í K1 (5. viðauki).

Mosi var mjög algengur í sverði og sýndi mesta þekju tegunda/tegundahópa í helming gróðurreitanna ásamt krækilyngi (5. viðauki). Fléttur fundust í öllum gróðurreitum en þær voru algengastar í reit K9 sem er staðsettur í mosagróðri.

Hæð gróðurs er mismikil milli gróðurreita. Mest var meðalhæðin 22,8 cm í reit K7 en minnst í reit K5, 8,75 cm. Meðaldýpt jarðvegs var einnig mismikil milli gróðurreita, minnst 53,17 cm í reit K6 sem stendur á sléttlendi fyrir neðan brekku, en mest >100 cm í reitum K9 og K10 (5. tafla).

Reitur K1 er um 100 m norðvestan við fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar (2. tafla, 2. mynd). Hann er neðan til í brekku sem hallar mót austri og suðaustri. Hluti reitsins er fremur smáþýfður en þar eru fjalldrapi og lyngtegundir áberandi. Grös eru áberandi í slétta hluta reitsins (18. mynd). Flestar háplöntutegundir í gróðurreitum við Kröflu fundust í þessum reit, 34 tegundir. Gróður mældist mishár, að meðaltali 18,35 cm. Jarðvegur var misþykkur en dýptin mældist að meðaltali 82,4 cm (5. tafla, 6. viðauki).




18. mynd. Gróðurreitur K1.

5. tafla. Gerð gróðurlendis, meðaldýpt jarðvegs (cm), meðalhæð gróðurs (cm) og fjöldi háplöntutegunda í reitum Þ1-Þ10.


Gróðurreitur	Gróðurlendi	Fjöldi háplöntutegunda	Meðalhæð gróðurs (cm)	Meðaldýpt jarðvegs (cm)
K1	Fjalldrapamói	34	18,35	82,4
K2	Fjalldrapamói	32	10,9	54,6
K3	Fjalldrapamói	32	11,65	71,95
K4	Fjalldrapamói	25	19,05	95,1
K5	Fjalldrapamói	28	8,75	91
K6	Fjalldrapamói	18	10,05	53,17
K7	Fjalldrapamói	29	22,8	62,1
K8	Fjalldrapamói	28	11,05	96,8
K9	Mosagróður	23	10,15	>100
K10	Fjalldrapamói	14	15,50	>100

Reitur K2 er um 200 m norðvestan við fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar. Hann er í brekku sem hallar mót austri og suðaustri, litlu ofar en reitur K1 (2. tafla, 2. mynd). Reiturinn einkennist af mólendi þar sem bláberja- og krækilyng eru áberandi. Talsvert er einnig af ljónslappa og fléttum en einnig er mosi í sverði (19. mynd). Fjalldrapi er til staðar en mælist ekki með mikla þekju (5. viðauki). Gróður var fremur lágvaxinn en meðalhæðin var 10,9 cm. Jarðvegur var ekki mjög djúpur, að meðaltali 54,6 cm (5. tafla, 6. viðauki).




19. mynd. Gróðurreitur K2.

Reitur K3 er um 300 m norðvestan við fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar. Hann er í brekku sem hallar mót austri og suðaustri, litlu ofar en reitur K2 (2. tafla, 2. mynd). Reiturinn einkennist af mólendi með miklu af krækilyngi en einnig er þar aðeins af bláberjalyngi og fjalldrapa. Talsverður mosi er í sverði. Grjót stóð aðeins upp úr (20. mynd). Gróður mældist að meðaltali 11,65 cm. Jarðvegur var misþykkur en jarðvegsdýpt mældist að meðaltali 71,95 cm (5. tafla, 6. viðauki).



20. mynd. Gróðurreitir K3.

Reitur K4 er um 500 m suðaustan við fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar (2. tafla, 2. mynd). Hann er í brekku sem hallar mót vestri og norðvestri. Reiturinn einkennist af þýfðu mólendi með fjalldrapa neðan til en meira af krækilyngi og grösum ofan til (21. mynd). Túnvingull og þursaskegg mældust í nokkrum mæli. Ekki náðist að greina þrjú eintök til tegunda þar sem gróður var bitinn. Mikill mosi í sverði (5. viðauki). Gróður mældist í hærra lagi en meðalhæð var 19,05 cm. Jarðvegur var þykkur og víða dýpri en 100 cm en að meðaltali 95,1 cm (5. tafla, 6. viðauki).



21. mynd. Gróðurreitir K4.

Reitur K5 er um 600 m suðaustan við fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar (2. tafla, 2. mynd) . Hann er í brekku sem hallar mót vestri og norðvestri. Reiturinn einkennist af þýfðu mólendi sem er aðeins rofið á þúfnakollum og mældist því hluti smáreita ógróinn (22. mynd). Í reitnum er talsvert af fjalldrapa, krækilyngi og bláberjalyngi. Þursaskegg og fléttur voru áberandi í reitnum. Mosalyng fannst í þessum reit (5. viðauki). Gróður var fremur lágvaxinn, að meðaltali 8,75 cm en jarðvegur mældist þykkur, að meðaltali 91 cm í reitnum (5. tafla, 6. viðauki).



22. mynd. Gróðurreitur K5.

Reitur K6 er um 700 m suðaustan við fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar (2. tafla, 2. mynd). Hann er á sléttlendi í dalbotninum, fast við rætur brekku sem hallar mót vestri. Skíðalyftur eru skammt sunnan við reitinn. Þegar skipulag fyrir stækkun Kröflustöðvar er skoðað nánar virðast líkur á því að reiturinn lendi undir s.k. geymslsvæði (Mannvit, 2010a) og gæti því þurft að færa hann. Reiturinn einkennist af smáþýfðu mólendi þar sem þúfnakollar voru aðeins rofnir. Krækilyng er ríkjandi í reitnum en þar var einnig smávegis af fjalldrapa og bláberjalyngi. Þursaskegg var á þúfum en einnig var stinnastör áberandi í reitnum. Mosi var mjög algengur í sverði (23. mynd). Gróður var fremur lágvaxinn, að meðaltali 10,05 cm. Jarðvegur var misdjúpur en að meðaltali 53,17 cm. Jarðvegur er grynri í dalbotninum enda styttra niður á hraun. Það misfórst að mæla jarðvegsdýpt í einum ramma innan smáreits (5. tafla, 6. viðauki).

Reitur K7 er um 900 m suður af fyrirhugaðri stækkun Kröflustöðvar (2. tafla, 2. mynd). Hann er í brekku sem hallar mót austri og suðaustri og var reiturinn staðsettur að mestu í hallandi lögð. Reiturinn einkennist af mólendi þar sem fjalldrapi og bláberjalyng voru ríkjandi í stærstum hluta reitsins. Krækilyng, ljónslappi og fléttur voru áberandi í restinni af reitnum (24. mynd). Í reitnum var einnig mikið af ilmrey (5. viðauki). Í reitnum mældist mesta meðalhæð gróðurs í reitum á Kröflusvæðinu, 22,8 cm. Jarðvegur var hinsvegar misþykkur og greinilegt að víða var grunnt á hraun. Meðalþykkt jarðvegs var 62,1 cm (5. tafla, 6. viðauki).



23. mynd. Gróðurreitir K6.



24. mynd. Gróðurreitir K7.

Reitur K8 er um 1000 m suður af fyrirhugaðri stækkun Kröflustöðvar (2. tafla, 2. mynd). Hann er í brekku sem hallar mót austri og suðaustri. Reiturinn einkennist af smápýfðu mólendi þar sem fjalldrapi og krækilyng voru ríkjandi. Þar er einnig talsvert af bláberjalyngi en einnig voru holtasóley og fléttur víða áberandi. Mosi var mjög algengur í sverði (25. mynd). Gróður var fremur lágvaxinn, meðaltal 11,05 cm. Jarðvegsþykkt var mikil og mældist víða >100 cm, meðaltal 96,8 cm (5. tafla, 6. viðauki).



25. mynd. Gróðurreitur K8

Reitur K9 er um 1200 m suður af fyrirhugaðri stækkun Kröflustöðvar (2. tafla, 2. mynd). Hann er í þýfðu mólendi en gróðurlendið flokkast sem mosagróður (Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Rannveig Thoroddsen, 2008). Í reitnum er talsvert af krækilyngi, bláberjalyngi og þursaskeggi ásamt miklu af fléttum sem voru áberandi á þúfnakollum. Mikið af álfabikar og fléttugróður því viðkvæmur fyrir umferð (26. mynd). Mosi var mjög algengur í sverði. Ekki náðist að greina eina grastegund til tegunda sem hafði þekju 1,0-6,3. Gróður var lágvaxinn, að meðaltali 10,15 cm en jarðvegsdýptin var mikil, meðaltal >100 cm (5. tafla, 6. viðauki).



26. mynd. Gróðurreitur K9.

Reitur K10 er um 4000 m suður af fyrirhugaðri stækkun Kröflustöðvar. Reiturinn er viðmiðunarreitur og er hann austan við veg að Kröflu, skammt sunnan við slóða sem liggur í austur frá veginum (2. tafla, 2. mynd). Reiturinn er á sléttu en mjög einsleitu mólendi. Fjalldrapi og krækilyng voru ríkjandi, nokkuð var af fléttum og mikill mosi í sverði (27. mynd). Í þessum reit fundust aðeins 14 háplöntutegundir. Gróður var mishár en að meðaltali 15,50 cm. Jarðvegur var þykkur og mældist dýptin alls staðar >100 cm (5. tafla, 6. Viðauki).



27. mynd. Gróðurreitur K10.

Bjarnarflag

Við vettvangsskoðun í Jarðbaðshólum og Bjarnarflagi sunnan Þjóðvegur fundust tvær sjaldgæfar tegundir, naðurtunga og dvergtungljurt. Dvergtungljurt fannst á tveimur stöðum. Á öðrum staðnum fannst aðeins ein planta og tvær á hinum. Naðurtunga fannst á fleiri stöðum en dvergtungljurt og mun fleiri plöntur á hverjum stað. Útbreiðsla naðurtungu í Jarðbaðshólum virtist fyrst og fremst bundin við jaðarsvæði mesta jarðhitans og rakans í yfirborði landsins. Fundarstaðir dvergtungljurtar voru á sendnu landi vestan í Jarðbaðshólum, þar sem ekki gætti eins mikilla jarðhitaáhrifa. Ástand plantnanna virtist vera gott. Á 28. mynd má sjá þekkta fundarstaði naðurtungu, keilutungljurtar og dvergtungljurtar skv. skráningu Náttúrufræðistofnunar annarsvegar og fundarstaði sem athuginin sumarið 2012 leiddi í ljós hinsvegar.



28. mynd. Staðir þar sem háhitaplöntur hafa fundist við Bjarnarflag. Númerin eiga við: 1. – 2. Dvergtungljurt, Keilutungljurt og Naðurtunga, skv. heimildum Náttúrufræðistofnunar Íslands. 3. – 4. Naðurtunga skv. heimildum Náttúrufræðistofnunar Íslands. 5. – 6. Dvergtungljurt, fundin af Náttúrustofu Norðausturlands árið 2012. 7. – 9. Naðurtunga, fundin af Náttúrustofu Norðausturlands árið 2012.

Fuglar á Þeistareykjum

Engin ummerki fundust um varp fálkans í ár á þeim stöðum sem skoðaðir voru. Smyrlar voru einu klófuglarnir sem fundust í varpi í nágrenni Þeistareykja. Tvö pör fundust, annað í Klifavegg og hitt í Miðvegg.

Við punkttalningarnar varð vart við 111 fugla af 5 tegundum. Mest var af þúfutittlingi eða 50 fuglar og fundust þeir við flesta punkta, eða 31 af 34 sem talið var á. Aðrar tegundir sem fundust voru heiðlóa, spói, hrossagaukur og lóupræll (7. tafla).

7. tafla. Fjöldi fugla af hverri tegund sem fundust við punkttalningar á Þeistareykjum sumarið 2012.

Tegund	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi punkta
Heiðlóa	33	25
Spói	23	19
Lóupræll	2	2
Hrossagaukur	3	3
Þúfutittlingur	50	31
Alls	111	34

Grunneiningin í útreikningum á varppéttleika, varppör, er mun lægri en fjöldi einstaklinga sem fundust við punktana. Ástæðan er sú að í einhverjum tilfellum sáust báðir fuglar parsins en einnig vegna þess að fuglar sem eru fjær en 200 metra frá punkti eru ekki teknir við útreikninga. Tvær tegundir, lóupræll og hrossagaukur, sáust ekki innan 200 m fjarlægðar frá punkti en þétteleiki hinna tegundanna þriggja var mældur. Lóuprælarnir voru við raklent graslendi á Þeistareykjum og sennilega bundnir við það. Niðurstöðurnar sýna mestan þétteleika af þúfutittling, eða 43 pör á km² en mun minna af hinum (8. tafla).

8. tafla. Þétteleiki þriggja fuglategunda á Þeistareykjum sumarið 2012, reiknaður með Distance aðferð ásamt 95% öryggismörkum.

Tegund	Þétteleiki pör/km ²	95% öryggismörk		Fjöldi para í rannsókn
		neðri	efri	
Heiðlóa	3,04	2,85	3,25	13
Spói	4,86	2,59	9,11	8
Þúfutittlingur	22,06	18,04	26,98	43

Umræður

Gróður

Gróðurreitir á Þeistareykjasvæðinu voru staðsettir austur og norð-norðaustur af fyrirhugaðri orkustöð en við staðsetninguna var tekið mið af vindrósi og spá um dreifingu H_2S . Við uppsetningu á staðnum var reitum Þ1 og Þ2 hnikað aðeins til vegna framkvæmdasvæðis og eru þeir reitir því meira í austur frá orkustöð en til stóð í upphafi. Reitirnir eru allir í svipuðu gróðurlendi, fjalldrapamóa, sem væntanlega gerir samanburð á ástandi gróðurs auðveldari milli reita miðað við fjarlægð frá orkustöð og styrk H_2S í andrúmslofti. Reitirnir eru þó ekki einsleitir hvað þekju einstakra tegunda varðar og skera reitir Þ7-Þ9 sig aðeins úr (2. viðauki). Landslag er slétt á svæðinu og eru gróðurreitir Þ1-Þ9 allir í svipaðri hæð yfir sjávarmáli sem gerir samanburðinn einnig auðveldari. Viðmiðunarreitur var í svipuðu gróðurlendi, fjalldrapamóa, en hann stendur hinsvegar 60 m neðar í landinu og verður að taka mið af því þegar vöxtur gróðurs í reitunum verður metinn í framtíðinni. Mögulegt er að setja út nýjan viðmiðunarreit austar í svipaðri hæð og reitir Þ1-Þ9 og í sömu fjarlægð og reitur Þ10 frá orkustöð. Skoða þarf þá staðsetningu á staðnum með tilliti til gróðurlenda. Samkvæmt vindrósi er norðaustan vindátt einnig algeng á Þeistareykjum og er æskilegt til framtíðar að staðsetja reiti til suðurs og suðvesturs frá orkustöð, sérstaklega að teknu tilliti til meiri úrkomu úr norðaustanátt. Þar eru gróðurlendin hinsvegar fjölbreyttari og samanburður erfiðari ásamt því að framkvæmdir eru fyrirferðamiklar í þá stefnu. Til að fá betri mynd af áhrifum H_2S á gróður er einnig æskilegt að taka sýni af mosa og hugsanlega öðrum tegundum við hverja stöð til efnagreiningar.

Aðstæður við Kröflu eru flóknari. Þar er landslag miðshæðótt og erfiðara að spá fyrir um dreifingu lofttegunda. Gróðurlendi eru þar einnig fjölbreytt (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Gróður er hinsvegar slitróttari og réðist val á staðsetningu meðal annars af því að finna samfelld, sambærileg gróðurlendi fyrir gróðurreitina, þ.e. fjalldrapamóa, ásamt því að staðsetja þá í mismunandi fjarlægð og ákveðinni stefnu frá væntanlegri stækkun Kröflustöðvar. Einn gróðurreitur K9 lenti innan annars gróðurlendis, mosagróðurs (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Velta má fyrir sér hvort ástæða er til að hnika honum til inn í fjalldrapamóa eða bæta öðrum reit við í fjalldrapamóa í svipaðri fjarlægð frá stöðinni en þá verður stefnan frá stöðinni aðeins önnur. Þrátt fyrir að 9 af 10 reitum séu í fjalldrapamóa þá eru þeir að mörgu leyti misleitir fyrir utan að bæði mosi og krækilyng voru algeng í öllum reitum (5. viðauki). Getur sá mismunur helgast af mishæðóttu landslagi og ólíkri staðsetningu reitanna í því landslagi. Flestir reitirnir eða 7 af 10 reitum voru staðsettir í hlíð en hlíðarnar snúa annað hvort mót austri og suðaustri eða vestri og norðvestri. Það gerir samanburð milli reita erfiðari en t.d. á Þeistareykjum, en vaxtaskilyrði og ástand gróðurs getur verið mismunandi vegna ólíkra birtuskilyrða, jarðvegsdýptar og raka í hlíðunum. Gróðurreitur K6 er í dalbotninum og lendir líklega innan framkvæmdasvæðis (Mannvit, 2010a). Það þyrfti að athuga færslu á honum. Viðmiðunarreitir K10 skar sig úr að því leyti að gróður í honum var mjög einsleitur og hafði fáar háplöntutegundir. Staðsetningu hans mætti endurskoða í því ljósi en einnig gætir óvissu um samlegðaráhrif útblásturs frá Bjarnarflagsvirkjun á því svæði.

Það sama má segja um Kröflu og Þeistareyki, að æskilegt er einnig að taka sýni af mosa og hugsanlega öðrum tegundum á hverri stöð til efnagreiningar. Hafa ber í huga að Kröflustöð hefur verið starfrækt frá því skömmu fyrir 1980 og því líklegt að áhrifa af útblæstri gæti nú þegar í gróðri á svæðinu. Rannsóknirnar munu því fyrst og fremst fylgjast með áhrifum stækkunar Kröflustöðvar. Þar sem aðstæður við Kröflu eru flóknari má einnig velta fyrir sér hvort ástæða er til að fjölga reitum á svæðinu til að fá betri mynd af hugsanlegum breytingum og setja upp reiti í fleiri gróðurlendum.

Engar sjaldgæfar háplöntutegundir fundust í gróðurreitum á Þeistareykjum og í Kröflu. Hinsvegar fundust tvær tegundir sem ekki er getið í úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands, mosalyng sem fannst á báðum stöðum og broddastör sem fannst á Þeistareykjum (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2008). Mosalyng er hinsvegar skráð í 5x5 km reit fyrir bæði svæðin en líklega er um að ræða nýjan fundastað broddastara (Flóra Íslands, 2012).

Gróður var þurr og nokkuð bitinn á rannsóknasvæðunum sem gerði greiningu einstakra grastegunda erfiðari á athugunartíma. Sýni sem tekin voru heim í hús voru ekki greind samdægurs sem gerði greiningu einnig erfiðari. Gott væri að fara í reitina næsta sumar við betri aðstæður til að greina þær tegundir sem ekki tókst að greina. Einnig þarf að mæla jarðvegsdýpt sem misfórst í einum smáreit í gróðurreit K6 við Kröflu. Sá reitur er þó að öllum líkindum á framkvæmdasvæði og gæti þurft að færa hann.

Nauðsynlegt er að yfirfara hæla og merkingar gróðurreita árlega. Æskilegt er að staðsetja gróðurreitina með nákvæmara GPS tæki.

Þar sem aðeins var farið í eina vettvangsferð um Bjarnarflag og Jarðbaðshóla og svæðið norðan þjóðvegur ekki kannað sumarið 2012 er nauðsynlegt að fara betur um svæðið næsta sumar. Mikilvægt er að fá gleggri mynd af útbreiðslu sjaldgæfra plöntutegunda sem fylgja jarðhita að öllu eða einhverju leyti á svæðinu og kortleggja útbreiðsluna betur með tilliti til framkvæmdasvæðis. Einnig þarf að skoða fundarstaði plantnanna sem skráðir voru af Náttúrufræðistofnun Íslands til að athuga hvort tegundirnar finnast enn á þeim stöðum og kanna ástand þeirra.

Nauðsynlegt er að gera vöktunaráætlun fyrir gróðurrannsóknirnar á öllum svæðunum þremur.

Fuglar

Eins og áður hefur komið fram þá hefur fálkinn á Þeistareykjarsvæðinu úr nokkrum hreiðurstöðum að velja innan óðalsins. Ekki varð vart við varp fálkans á þeim hreiðurstæðum sem skoðuð voru og liggja næst framkvæmdasvæði Þeistareykjarvirkjunar sumarið 2012. Annað hvort hefur parið valið sér varpstað fjær framkvæmdasvæðinu eða sleppt varpi þetta árið.

Fáar tegundir mófugla sáust við punkttalningar enda svæðið mjög einsleitt. Hægt var að reikna þéttleika þriggja tegunda mófugla út frá punkttalningum, með viðunandi nákvæmni. Af þeim var mest um þúfuttling en mun minna af spóa og heiðlóu. Þess ber þó að geta að fáir einstaklingar eru að baki þéttleikamati á heiðlóu og spóa. Þéttleiki mófugla hefur tvisvar áður verið metinn á Þeistareykjum. Annars vegar árið 2003 þegar mófuglar voru taldir á 10,5 km löngum mælisniðum en af þeim voru 6,3 í mólendi (Guðmundur A. Guðmundsson og Ólafur K. Nielsen, 2004). Hins vegar árið 2007 en þá voru mófuglar taldir á 10,8 km löngum mælisniðum í mólendi (Þorkell Linberg Þórarinnsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 2007). Báðar þessar athuganir sýna mun meiri þéttleika heiðlóu (19,4 pör/km² árið 2003 og 22,1 pör/km² árið 2007) en í þessari athugun (3,0 pör/km²). Þéttleiki spóa var hinsvegar hærri nú (4,9 pör/km²) en í þessum eldri athugunum (1,0 pör/km² árið 2003 og 2,6 pör/km² árið 2007). Hvað þúfuttling varðar þá mældist mjög hár þéttleiki árið 2003 (63 pör/km²) en mikið minna árið 2007 (15,3 pör/km²). Þessi mikli munur var talinn stafa af fækkun í þúfuttlingsstofninum vegna hrets vorið 2006. Í þessari athugun mælist þéttleiki þúfuttlings 22,1 pör/km² sem er mun nær gildinu frá 2007. Þess ber þó að geta í þessum samanburði að um mjög ólíkar aðferðir við þéttleikamat er um að ræða. Árin 2003 og 2007 var talið á sniðlínunum og fjöldi varppara innan og utan 100 m fjarlægðar frá sniðlínu talinn og notað við útreikninga á þéttleika. Þéttleiki allra tegunda var

svo reiknaður út frá sömu formúlu sem ekki gefur breytileika eða öryggismörk. Sú aðferð sem hér er beitt verður að teljast mun áreiðanlegri þar sem fjarlægð í hvern fugl er mæld nákvæmlega og þéttleiki reiknaður með mismunandi aðferðum eftir sýnileika hvernar tegundar. Vöktun mófugla á Þeistareykjum í tengslum við uppbyggingu og rekstur virkjunar mun eingöngu notast við Distance aðferðina í framtíðinni og verða gildi borin saman milli ára.

Þakkir

Gerður Guðmundsdóttir og Guðrún Áslaug Jónsdóttir hjá Náttúrustofu Austurlands veittu mikilvægar upplýsingar um aðferðafræði og miðluðu reynslu við undirbúning og uppsetningu gróðurreita, ásamt því að aðstoða við lýsingu, greiningu og skráningu gróðurs á Þeistareykjum. Sesselja G. Sigurðardóttir aðstoðaði við undirbúning, uppsetningu gróðurreita og skráningu gróðurs. Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur aðstoðaði við greiningu nokkurra plantna þegar heim í hús var komið. Öllum þessum aðilum er þakkað kærlega fyrir þeirra aðkomu að rannsókninni.

Heimildir

- Akaike, H. 1974. New look at statistical-model identification. IEEE Transaction on Automatic Control 19(6): 716-723
- Buckland, S.T., D.R. Anderson, K.P. Burnham, J.L. Laake, D.L. Borchers og L. Thomas 2001. Introduction to Distance Sampling. Estimating abundance of biological populations. Oxford University Press Inc., New York.
- Flóra Íslands – Flóruvinir 2012. Plöntuskráningar í 5x5 km reitum. Sótt 11. desember 2012 af <http://www.floraislands.is/Annad/skraning.html>
- Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Rannveig Thoroddsen 2008. Gróðurfar á háhitasvæðum og fyrirhuguðum línu- og vegstæðum á Norðausturlandi. Unnið fyrir Landsvirkjun, Landsnet hf. og Þeistareyki ehf. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-08009.
- Guðmundur A. Guðmundsson og Ólafur K. Nielsen 2004. Fuglar við Þeistareyki. Unnið fyrir Þeistareyki ehf. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-04006.
- Guðrún Áslaug Jónsdóttir og Kristín Ágústs dóttir 2007. Rannsóknir á gróðri í Kringilsárrana. Lýsing gróðurs og uppsetning vöktunarreita. Unnið fyrir Landsvirkjun. Náttúrustofa Austurlands. NA-050065.
- Mannvit 2010a. Kröfluvirkjun II. Allt að 150 MWe jarðhitavirkjun við Kröflu í Skútustaðahreppi. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Unnið fyrir Landsvirkjun.
- Mannvit 2010b. Þeistareykjavirkjun. Allt að 200 MWe jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Unnið fyrir Þeistareyki ehf.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2012. Válisti háplantna. Sótt 6. desember 2012 af <http://www.ni.is/grodur/valisti>
- Starri Heiðmarsson 2012. Tölvupóstur 18.10.2012.
- Thomas, L., J.L. Laake, E. Rexstad, S. Strindberg, F.F.C. Marques, S.T. Buckland, D.L. Borchers, D.R. Anderson, K.P. Burnham, M.L. Burt, S.L. Hedley, J.H. Pollard, J.R.B. Bishop og T.A. Marques 2009. Distance 6.0. Release 2. Research Unit for Wildlife Population Assessment. University of St. Andrews, UK.
- Vatnaskil 2010. Þeistareykjavirkjun og Kröfluvirkjun II. Dreifingaspá fyrir brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum á Norðausturlandi. Unnið fyrir Landsnet, Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. Vatnaskil. 09.14.
- Þorkell Linberg Þórarinnsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2007. Fuglalíf á framkvæmdasvæðum fyrirhugaðra háhitavirkjana í Þingeyjarsýslum. Unnið fyrir Landsnet, Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. Náttúrustofa Norðausturlands. NNA-07005.

Viðauki 1

Listi yfir háplöntutegundir í gróðurreitum á Þeistareykjum

Háplöntutegundir á Þeistareykjum	
Íslensk heiti	Latnesk heiti
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Broddastör	<i>Carex microglochin</i>
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallalógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjallaviðir	<i>Salix arctica</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>
Gránulla	<i>Omalotheca supina</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulviðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetalia</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hæra ógr.	
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron boreale</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Mosalyng	<i>Harrimanella hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Ógreind grastegund	
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia cespitosa</i>
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Víðir	<i>Salix sp.</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

Viðauki 2

Þekja tegunda í gróðurreitum á þeistareykjum (%).

Þeistareykir 1						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	10	16	28	31	94
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>		<1,0	<1,0		<1,0
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	<1,0				
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	25-50	12,5-25	12,5-25	25-50	50-100
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	<1,0	<1,0		<1,0	1,0-6,3
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>			<1,0		<1,0
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	1,0-6,3	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	1,0-6,3	1,0-6,3			1,0-6,3
Fjallalógresi	<i>Trisetum spicatum</i>				<1,0	
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>				<1,0	
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>		<1,0	<1,0	<1,0	1,0-6,3
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	50-100	12,5-25	25-50	25-50	12,5-25
Fléttur		12,5-25	25-50	50-100	25-50	25-50
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	<1,0			<1,0	<1,0
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>		1,0-6,3	<1,0	<1,0	<1,0
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>			1,0-6,3		1,0-6,3
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	<1,0	<1,0			
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>			1,0-6,3		
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	<1,0				
Holtasóley	<i>Dryas octopetalia</i>		1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	<1,0				
Hæra ógr.						<1,0
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	<1,0	<1,0			<1,0
Jakobsfífill	<i>Erigeron boreale</i>	<1,0				<1,0
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	12,5-25	25-50	25-50	12,5-25	
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>				<1,0	
Mosi				6,3-12,5		
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>					1,0-6,3
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>			<1,0		
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>				<1,0	
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	<1,0	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	
Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>					<1,0
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>				<1,0	<1,0
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>		<1,0	<1,0	<1,0	
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	<1,0	<1,0		<1,0	<1,0
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	<1,0	<1,0			<1,0
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>		<1,0		1,0-6,3	<1,0
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>					<1,0
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>				<1,0	
Víðir	<i>Salix sp.</i>			1,0-6,3		
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	1,0-6,3	1,0-6,3

Þeistareykir 2						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	16	21	45	95	96
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	<1,0			<1,0	
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>				<1,0	<1,0
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	25-50	12,5-25	25-50	6,3-12,5	
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	25-50	6,3-12,5	6,3-12,5	12,5-25	
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	<1,0		<1,0		<1,0
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	<1,0		<1,0		<1,0
Brjóstagrás	<i>Thalictrum alpinum</i>	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	1,0-6,3	<1,0
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	<1,0	1,0-6,3	6,3-12,5	<1,0	6,3-12,5
Fjallaviðir	<i>Salix arctica</i>		<1,0			<1,0
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	50-100	50-100	50-100	50-100	12,5-25
Fléttur		6,3-12,5	1,0-6,3	<1,0	12,5-25	1,0-6,3
Friggjargrás	<i>Platanthera hyperborea</i>		<1,0	<1,0		<1,0
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>			<1,0	1,0-6,3	
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>		<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	<1,0	<1,0	<1,0	1,0-6,3	<1,0
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>			<1,0		
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	<1,0	<1,0		<1,0	<1,0
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	<1,0	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	<1,0
Jakobsfífill	<i>Erigeron boreale</i>		<1,0			
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>					<1,0
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	25-50	25-50	25-50	25-50	6,3-12,5
Lambagrás	<i>Silene acaulis</i>					<1,0
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>		<1,0			12,5-25
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>					<1,0
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>		<1,0			<1,0
Mosi					25-50	12,5-25
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	1,0-6,3	<1,0			1,0-6,3
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>					<1,0
Smjörgrás	<i>Bartsia alpina</i>	<1,0			<1,0	<1,0
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia cespitosa</i>			<1,0		
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	1,0-6,3	<1,0	<1,0	1,0-6,3	<1,0
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>					<1,0
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>					<1,0
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>			<1,0		
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	<1,0	<1,0		6,3-12,5	12,5-25
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	6,3-12,5				

Þeistareykir 3						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	13	24	68	72	90
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	<1,0				<1,0
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>			<1,0	<1,0	<1,0
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>			25-50	50-100	6,3-12,5
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	1,0-6,3	1,0-6,3		1,0-6,3	12,5-25
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>		<1,0	<1,0		1,0-6,3
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	<1,0	<1,0		<1,0	<1,0
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>	<1,0	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	1,0-6,3
Broddastör	<i>Carex microglochin</i>				<1,0	
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	6,3-12,5	1,0-6,3		1,0-6,3	1,0-6,3
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>				<1,0	
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>					<1,0
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>				<1,0	
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	50-100	50-100	50-100	25-50	50-100
Fléttur		1,0-6,3	6,3-12,5	25-50	12,5-25	25-50
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>			<1,0		<1,0
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>			1,0-6,3		<1,0
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	<1,0	<1,0	1,0-6,3	<1,0	<1,0
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>					<1,0
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	<1,0	<1,0	<1,0	1,0-6,3	<1,0
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>	<1,0	1,0-6,3		1,0-6,3	<1,0
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	1,0-6,3	<1,0		<1,0	1,0-6,3
Jakobsfífill	<i>Erigeron boreale</i>					<1,0
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>	<1,0				
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	25-50	50-100	25-50	6,3-12,5	50-100
Lambagrass	<i>Silene acaulis</i>	1,0-6,3	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>				<1,0	
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	<1,0			<1,0	<1,0
Mosi		12,5-25	1,0-6,3		6,3-12,5	6,3-12,5
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>					<1,0
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>			<1,0		
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	<1,0		12,5-25	1,0-6,3	12,5-25
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>		<1,0	<1,0		<1,0
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>			<1,0	1,0-6,3	
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>				<1,0	<1,0
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	<1,0				
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3		1,0-6,3
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	<1,0		1,0-6,3	1,0-6,3	1,0-6,3

Þeistareykir 4						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	7	23	54	70	86
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>				<1,0	<1,0
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	<1,0	<1,0	<1,0		<1,0
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	<1,0	25-50	25-50	25-50	25-50
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	6,3-12,5		1,0-6,3	1,0-6,3	6,3-12,5
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	<1,0	<1,0	<1,0	1,0-6,3	<1,0
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>			<1,0		
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	<1,0				
Fjallalógresi	<i>Trisetum spicatum</i>				<1,0	
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>			<1,0		
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>		<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	25-50	25-50		12,5-25	25-50
Fléttur		50-100	25-50	50-100	50-100	25-50
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	<1,0	<1,0			<1,0
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	<1,0	<1,0		<1,0	
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>		<1,0	<1,0	<1,0	
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>			<1,0		<1,0
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>		<1,0			
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	<1,0		<1,0		
Hæra ógr.	<i>Luzula sp</i>			<1,0		
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	<1,0		1,0-6,3	1,0-6,3	<1,0
Jakobsfífill	<i>Erigeron boreale</i>			<1,0		
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	25-50	12,5-25		25-50	25-50
Lambgras	<i>Silene acaulis</i>		<1,0			
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>		<1,0			
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>					<1,0
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>		<1,0			
Mosi		<1,0	1,0-6,3	6,3-12,5	12,5-25	
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>		<1,0			
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	1,0-6,3			6,3-12,5	<1,0
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>			<1,0		
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>		<1,0	<1,0	1,0-6,3	
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	<1,0	<1,0			
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	<1,0	<1,0	<1,0		<1,0
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>			<1,0		
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	1,0-6,3	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>				<1,0	
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>			1,0-6,3	1,0-6,3	

Þeistareykir 5						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	10	26	31	34	91
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>					<1,0
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>			<1,0		
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>		<1,0	<1,0	<1,0	
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	1,0-6,3	12,5-25	6,3-12,5	25-50	6,3-12,5
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	6,3-12,5			1,0-6,3	25-50
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	<1,0	<1,0	<1,0		<1,0
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>					<1,0
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>		<1,0		<1,0	<1,0
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	1,0-6,3				1,0-6,3
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>		<1,0			
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>			<1,0	<1,0	<1,0
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	25-50	25-50	6,3-12,5	12,5-25	50-100
Fléttur		50-100	25-50	25-50	25-50	
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	<1,0		<1,0	<1,0	
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	<1,0			<1,0	
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>					<1,0
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>				<1,0	<1,0
Holtasóley	<i>Dryas octopetalia</i>		6,3-12,5	6,3-12,5	12,5-25	
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>					<1,0
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>				<1,0	<1,0
Jakobsfífill	<i>Erigeron boreale</i>			<1,0		
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	25-50	12,5-25	12,5-25	12,5-25	12,5-25
Lambagrass	<i>Silene acaulis</i>				<1,0	
Mosi		12,5-25		<1,0		25-50
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>				<1,0	
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>			<1,0		
Ógróið			6,3-12,5	6,3-12,5		
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	<1,0	6,3-12,5	1,0-6,3		
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>				6,3-12,5	
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>		<1,0		<1,0	
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>		<1,0	<1,0		
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	<1,0				
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	<1,0		<1,0	<1,0	
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>					<1,0
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>			<1,0		
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>			1,0-6,3	<1,0	

Þeistareykir 6						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	18	28	29	30	80
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	<1,0		<1,0	<1,0	<1,0
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	25-50	25-50	25-50	12,5-25	25-50
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	6,3-12,5		1,0-6,3	1,0-6,3	<1,0
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>		<1,0	<1,0		
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	<1,0			<1,0	<1,0
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>		<1,0	1,0-6,3	<1,0	<1,0
Fjallaviðir	<i>Salix arctica</i>	1,0-6,3		<1,0	<1,0	<1,0
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	25-50	12,5-25	25-50	25-50	12,5-25
Fléttur		1,0-6,3	12,5-25	12,5-25	12,5-25	25-50
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>		<1,0	<1,0		<1,0
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	<1,0		<1,0	<1,0	1,0-6,3
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>		<1,0	<1,0		
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>					<1,0
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>			<1,0		
Holtasóley	<i>Dryas octopetalia</i>	6,3-12,5	12,5-25	6,3-12,5		12,5-25
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>					<1,0
Hæra ógr.		<1,0		<1,0		
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>		<1,0	<1,0		
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	12,5-25	12,5-25	25-50	50-100	25-50
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	<1,0	<1,0			1,0-6,3
Mosi		1,0-6,3	<1,0		12,5-25	
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	<1,0		<1,0	<1,0	<1,0
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>			<1,0		
Ógróið			12,5-25			
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>			<1,0		1,0-6,3
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>		<1,0			
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	<1,0	<1,0	<1,0		
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>		<1,0			
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	<1,0		<1,0		
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	<1,0	1,0-6,3	<1,0	<1,0	<1,0

Þeistareykir 7						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	7	35	44	52	66
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	<1,0				
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	6,3-12,5				
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	25-50	25-50	50-100	25-50	25-50
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>		1,0-6,3	1,0-6,3		
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	<1,0				
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	<1,0	1,0-6,3	<1,0	<1,0	1,0-6,3
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	12,5-25	6,3-12,5	12,5-25	25-50	25-50
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	50-100	50-100	50-100	25-50	50-100
Fléttur		<1,0	1,0-6,3	<1,0	12,5-25	
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>			1,0-6,3		
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	12,5-25	25-50	6,3-12,5	<1,0	25-50
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>				<1,0	
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	<1,0	1,0-6,3	<1,0	1,0-6,3	<1,0
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>	<1,0				6,3-12,5
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	<1,0	<1,0	<1,0	<1,0	
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	6,3-12,5	12,5-25	6,3-12,5	1,0-6,3	
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>		<1,0	<1,0	<1,0	
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0		<1,0	<1,0
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	50-100	25-50	12,5-25	50-100	50-100
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	<1,0				<1,0
Mosi		12,5-25	25-50	50-100	50-100	6,3-12,5
Ógreind grastegund			6,3-12,5			
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	<1,0		<1,0	<1,0	
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	<1,0	<1,0	<1,0		<1,0
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>				<1,0	
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>				<1,0	
Undaflíll	<i>Hieracium spp.</i>			1,0-6,3		
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>				<1,0	

Þeistareykir 8						
Tegundir og tegundahópar		Smáreitir þekja %				
Íslensk heiti	Latnesk heiti	15	19	38	56	72
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	<1,0	1,0-6,3			1,0-6,3
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>			<1,0		
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>			<1,0		
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	12,5-25	25-50	12,5-25	25-50	25-50
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	<1,0	<1,0	1,0-6,3	<1,0	<1,0
Brjóstagrás	<i>Thalictrum alpinum</i>		<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	6,3-12,5	1,0-6,3	6,3-12,5	6,3-12,5	1,0-6,3
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>					<1,0
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>			6,3-12,5		
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	25-50	50-100	25-50	1,0-6,3	12,5-25
Fléttur			6,3-12,5	1,0-6,3	6,3-12,5	6,3-12,5
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>			<1,0		
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	12,5-25	6,3-12,5	25-50	12,5-25	6,3-12,5
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>		<1,0			
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>		<1,0	<1,0	<1,0	<1,0
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>		<1,0		<1,0	<1,0
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	<1,0	<1,0	<1,0		<1,0
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	<1,0	6,3-12,5	12,5-25		
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	<1,0	<1,0			<1,0
